

STAPI

Frá vígslu hins nýja félagsheimilis í Ytri-Njarðvík

Á LAUGARDAG síðastliðin var vígt hið nýja félagsheimili í Ytri-Njarðvík. Bygging húsnæðis hefur staðið yfir í meira en 7 ár, en fundarsalur og félagsherbergi voru þó tekin til notkunar fyrir rúmu ári.

Húsið er mjög reisulegt og fallegt bæði að utan og innan og stendur það miðsvæðis í Njarðvík, skammt frá íþróttasvæðinu.

Við vígsluathöfnina, sem hófst kl. 16:00 var mikill mannfjöldi saman kominn, voru það bæði bóðsgestir og mestur hluti Njarðvíkinga og var þó hvergi þröngt, hvorki á göngum eða söllum. Húsið allt er að gólfleti 1300 ferm. og 6500 rúmmetrar. Aðalsalurinn rúmar um 500 manns í sæti og auk þess eru loftsalir er rúma um 150 manns. Auk þess er hliðarsalur, sem rúmar yfir 100 manns og er sá salur ætlaður til sýninga, fundarhalds og smærri samkvæma.

Í félagsheimilinu mun vera næst stærsta leiksvið á landinu, er það um 130 fermetra og 16 metra hátt. Leiksviðið er með fullkomnum ljósabúnaði og við það eru rúmgóð og vistleg búningsherbergi fyrir leikara. Í húsinu er nú búið að koma fyrir bókasafni hreppsins, þá eru þar einnig félagsherbergi þeirra félaga, sem að byggingu húsnæðis

standa, en það eru Ungmennafélag og kvenfélag Njarðvíkur, skátufélagið Víkverjar og Njarðvíkurhreppur.

Byggingarsaga og afhending húsnæðis.

Í upphafi víxluathafnar voru veitingar frambornar af mikilli rausn. Er gestir höfðu notið veitinga um stund, lék Rögnvaldur Sigurjónsson þrjú verk eftir Schubert af sinni alkenndu snilli. Þá tók til máls Ólafur Sigurjónsson, hreppstjóri og oddviti Njarðvíkinga, sem jafnframt var formaður og framkvæmdastjóri húsbyggingarnefndar, og hefur hann unnið mjög ótúllega að byggingarframkvæmdum á undanföllum árum og hlaut hann í öllum síðari ræðum einróma þakklæti fyrir sín óeigingjörnu störf.

Í ræðu sinni lýsti Ólafur byggingarsögu húsnæðis, gat hann þess meðal annars að húsið væri byggt eftir teikningu Sigvalda Thordarsen sem hafði að mestu lokið öllum teikningum áður en hann lézt, en þeim smáteikningum, sem eftir voru lauk þorvaldur Kristmundsson. Byggingin hófst 1958, á þessu tímabili hafa framkvæmdir legið niðri um stundarsakir öðru hvoru.

Margir iðnaðarmenn hafa komið við sögu hver í sínu fagi og virðast allir hafa leyst verk sín

af höndum með hinna mestu þrýði.

Járnateikningar og verkfræði verkefni annaðist Sigurður Thoroddsen, trésmíði Skarphéðinn Jóhannesson, um múrverk annaðist Snorri Vilhjálmsson, raflagnir og lýsingu framkvæmdi Guðbjörn Guðmundsson og loft hitalagnir gerði blökksmíðja Ágúst Guðjónssonar. Aki Gräns annaðist málningarvinnu alla, en Ásgerður Búadóttir gerði veggskreytingar utanhúss.

Árið 1957 voru öll leyfi fengin til byggingar og höfðu þá landeigendur gefið væntanlegu félagsheimili 17 þúsund fermetra lands. Árið 1958 hófust framkvæmdir og hefur þeim verið haldið áfram í þessi 7 ár þó nokkrar stöðvanir hafi orðið um stundarsakir, af ýmsum ástæðum.

Byggingarkostnaður húsnæðis sjálfs er nú orðinn 9,5 milljónir fyrir utan allt innbú og áhöld, sem er hið vandaðasta og hefur vafalaust kostað mikið. Enn er ekki hafin bygging á fyrirhugaðri kaþóli, sem áformuð er í sambandi við húsið, en bygging hennar verður vonandi hafin á næstunni.

Ólafur Sigurjónsson afhenti síðan húsið til þeirrar hússtjórnar, sem nú tekur við og er formaður hennar Oddbergur Eiríksson. Áður en hússtjórn veitti húsnu viðtöku var hið nýja nafn þess afhjúpað á leiksviðinu og hlaut það nafnið STAPI — Að lokinni móttökuræðu Oddbergs Eiríkssonar voru flutt mörg ávörp og ræður, þar á meðal voru Sigurbjörg Magnúsdóttir formaður kvenfélags Njarðvíkur, Jón Ásgeirsson, sveitastjóri í Njarðvík, Þórir Sæmundsson, sveitarstjóri í Sandgerði, Sveinn Jónsson bæjarstjóri í Keflavík, Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins, sára Eiríkur J. Eiríksson forseti U.M.F.I., sára Björn Jónsson sóknarprestur og fleiri.

Margar kveðjur og heillaóskir bárust meðal þeirra frá menntamálaráðherra og fræðslumála-

stjóra, og blómakveðjur bárust frá félögum og einstaklingum.

Að lokinni þessari víxluathöfn var gengið um húsið og það skoðað, og er það allt hið glæsilegasta og vandaðasta í hvívetna. Í forstofu er steinverk mikið á vegg frá lofti til gólfs, er það gert úr hrauni og leir af Ragnari Kjartanssoni. Á göngum eru harðar flísar og teppi, fatageymslur og snyrtiherbergi stór og rúmgóð. Veggir og gólf í aðal sal er lagt harðviði. Lýsingu allri er mjög haganlega og smekklega fyrirkomið.

Málverkasýning Magnúsar Árnasonar stendur nú yfir í

hliðarsalnum og síðar í vikunni mun Hafsteinn Austmann hefja þar sýningu.


Alla næstu viku verða svo marg hattaðar skemmtanir í Stapa, meðal annars sýnir Leikfélag Reykjavíkur þar Æfintýri á gönguför og frá Þjóðleikhúsinu verður „Síðasta segulbandið“ og „Jóðlif“ sýnt, þá verða þar danssýningar, dansleikir barnskemmtanir og skátaskemmtun.

Mikil og almenn ánægja er með þetta stóra og glæsilega félagsheimili, ekki einungis í Njarðvík heldur í öllu nágrenninu, sem nýtur góðs af þessu veglega félagsheimili.

— hsj.



Séð yfir veizlusalinn. — (Myndirnar tók Heimir Stígsson)



Nafnið „STAPI“ afhjúpað. — Æ ska og aldur sameinast um það.



Ólafur Sigurjónsson afhendir Oddbergi Eiríkssyni húsið.

Erindið er aðeins að eiga hér frí

UM þessar mundir er staddur hér í borg Grettir Leo Jóhannsson ræðismaður í Winnipeg í Canada ásamt konu sinni frú Dorothy. Fréttamenn Mbl. hittu þau hjón stundarkorn á herbergi þeirra á Hótel Borg og spurðu um erindi hingað og fleira.

— Erindið er ekkert annað en eiga frí og hafa það notalegt hérna á gamla góða Íslandi nokkra daga. Við höfum að undanförmu verið á ferð um Evrópu, fórum til Sviss, Englands og Danmerkur. Hér hafði ég hugsað mér að hitta ýmsa góða kunningja. Við biðum kannski eftir að hr. Ásgeir Ásgeirsson komi

heim, en hann hef ég þekkt um langt árabil.

— Við höfum þegar heilsað upp á Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, en heimsókn hans og forsetans til Kanada var mjög uppörvandi og skemmtilegt fyrir okkur Vestur-Íslendinga. Við erum þeim og öðrum góðum Íslendingum, sem sótt hafa okkur heim mjög þakklátir og ég vil nota þetta tækifæri til að biðja fyrir kveðjur til þeirra allra.

— Þú spyrð um ætt og uppruna konu minnar. Hún er af enskum og kanadískum ættum og fæðingarnafn hennar er Ivory. Móðursystir hennar er heimspæktur pianisti. Um föðurættina má margt skemmtilegt segja og við eigum það raunar sameiginlegt

að vera komin af víkingum. Ef þú flettir upp í Encyclopædia Britannica finnur þú nafn eins af ættfeðrum konu minnar sem hét John Ivory og er fæddur 1664. En þú finnur hann ekki undir orðinu „víkingur“, heldur undir orðinu „sjóræningjar“. — Hann var svonefndur sækonungur og ríkti á sinni tíð á Madagascar. En þetta var vist útúrður til gamans.

— Hvers vegna Íslendingar hafa komið áfram í Vesturheimi. Það er vegna þess að í hinum íslenska ættstofni bjó þrek, dugnaður og trúmennska. Þessum eiginleikum munum við reyna að halda við. Feður okkar vildu láta syni sína verða að mönnum í nýja landinu. Þeir reyndu að



Grettir L. Jóhannsson ræðismaður og frú Dorothy.